



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Alþingi nefndarsvið
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 10. febrúar 2021
2101050 RH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.)

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, með síðari breytingum (atvinnu – og byggðakvótar o.fl.) sem óskað var umsagnar um með tölvupósti dags. 21. janúar 2021. Rætt var um frumvarpið á 914. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar, þann 9. febrúar sl. og bæjarstjóra falið að skila umsögn um frumvarpið. Vesturbyggð skilaði umsögn um drög frumvarpsins í samráðsgátt stjórnvalda þann 18. september 2020 og eru hér ítrekuð þau atriði sem þar komu fram og að mati sveitarfélagsins var ekki tekið tillit til í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir til umfjöllunar hjá nefndinni.

Vesturbyggð fagnar því að skapa skuli skýrari lagalegan grundvöll fyrir meðferð og ráðstörfum 5,3% heildaraflamarks til atvinnu- og byggðaráðstafana. Einnig að skilgreindur sé betur tilgangur og markmið úthlutunarinnar og tryggt verði að nýting umræddra aflaheimila stuðli að aukinni byggðafestu og nýliðun í greininni.

Samkvæmt d. lið 5. gr. frumvarpsins (15. gr. g.) er lagt til að þeim heimildum sem ráðstafað verði til strandveiða, þ.e. 35,40% aflamarks, skuli skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á tímabil og landsvæði. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að með frumvarpinu sé verið að færa fyrirkomulag strandveiða í sama farveg og var í eldri lögum, fyrir samþykkt laga nr. 22/2019 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á því hver mörk svæðanna fjögurra verða né hvað muni ráða magni þess aflamarks sem ákveðið verður innan hvers svæðis. Æskilegt er að í frumvarpinu verði sett fram þau viðmið sem ráðherra beri að líta til, þegar ákveðin eru mörk svæðanna og hvað muni ráða aflamagninu, hvort það sé fjöldi báta eða afli síðustu ára. Í greinargerð með frumvarpinu er farið yfir strandveiðar á síðastliðnum þremur árum og að stöðvun veiða á árinu 2020 hafi komið hlutfallslega verst út á svæðum B og C. Ekki er þó lagt á það mat í greinargerðinni hver áhrif frumvarpsins verða fyrir svæðin öll. Breyting til fyrra horfs kann að hafa veruleg áhrif á Vesturbyggð, en Patrekshöfn er ein stærsta strandveiðihöfn landsins, en einnig er strandveiði stunduð frá Bíldudal og Barðaströnd. Verði verulegar breytingar á skiptingu svæða frá því sem verið hefur, mun það hafa mikil áhrif fyrir þá sem stunda strandveiðar innan sveitarfélagsins sem og það mun hafa nokkur áhrif á rekstur hafnasjóðs Vesturbyggðar. Að mati Vesturbyggðar er ekki að sjá í greinargerð frumvarpsins að áhrif frumvarpsins hvað þetta varðar hafi verið sérstaklega metin. Þá er ekki að sjá nánari skilyrði að baki skiptingunni en



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Vesturbyggð vísaði til þess í umsögn sinni um drögin þegar þau voru birt í samráðsgátt að mikilvægt væri að tilgreina hvaða skilyrði og viðmið ráðherra skuli líta til við skiptingu svæðanna, þannig sé ráðherra ljós vilji löggjafans til þeirra atriða sem líta beri til við skiptingu svæðanna. Þá er ítrekuð að nýju krafa Vesturbyggðar um að við setningu reglugerðarinnar verði gert skylt að framkvæma mat á áhrifum af nýrri svæðaskiptingu fyrir einstök svæði og hvernig niðurstöður þess mats kunni að samræmast markmiðum frumvarpsins, sem eru að tryggja betur byggðafestu og nýliðun.

Samkvæmt g. lið 5. gr. frumvarpsins (15. gr. j.) um tilraunaverkefni til byggðaðróunar er heimilt að nýta almennan byggðakvóta eða aflaheimildir vegna línuvinnunar sem ekki hafa verið nýttar, til tilraunaverkefna um aukna fjölbreytni atvinnulífs innan vinnusóknarsvæða. Þá segir að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir tilfærslu á aflaheimildum milli byggðakjarna innan sama vinnusóknarsvæðis, meðal annars varðandi verðmæti sem ráðstafa skal á mótí og tegundir verkefna. Vesturbyggð leggur áherslu á að við setningu reglugerðarinnar verði gætt sérstaklega að tilgangi frumvarpsins um atvinnu- og byggðaráðstöfun og umsóknir metna út frá því hver áhrif á einstök vinnusóknarsvæði kunni að vera vegna tiltekins tilraunaverkefnis. Þannig verði tryggt að slík samningagerð og ráðstöfun gangi ekki gegn tilgangi frumvarpsins sem er að stuðla að aukinni byggðafestu.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund atvinnuveganefndar til að fylgja umsögn Vesturbyggðar eftir og svara þeim spurningum nefndarmanna sem kunna að vakna.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,


Rebekka Hilmarssdóttir, bæjarstjóri
BÆJARSTJÓRI